



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

9. árgangur 11.tbl.

Desember 2012



*Sendum íbúum og öðru
samstarfsfólki nær og fjar
hugheilar jóla og nýárskveðjur
með þökk fyrir samskiptin á
árinu sem er að líða.*

*Sveitarstjórn
og starfsfólk
skrifstofu*

Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is
Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904
ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf 10. jan. 2013.



Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir -frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri

Hæ og hó!

Jólasveinar verða á sveimi um Skeiða- og Gnúpverjahrepp um þessi jól og fara milli bæja.

Þeir eru í boði 22. desember á 1.500kr. og einnig 24. desember á 2000 kr.

Ungmennafélagið er í samstarfi við sveinkana og til að láta þá vita af ykkar bæjum hafið samband á netfangið jolasveinumfg@gmail.com

eða í síma
663-8577.



Möguleiki er á pökkum frá
þeim rauðklæddu, söng og
skemmtun.

U.M.F.G.



Vantar þig sérstaka jólagjöf?

Hef til sölu ýmsa handunna muni úr minkaskinni og roði.

Hálsfestar, hárskraut, eyrnalokka, armbönd, bókamerki,
vasapela og fleira. Sérstæðir munir sem ekki fást annars
staðar.

Komið og lítið á úrvalið.

Katrín, Ásaskóla, sími: 8986047 / 4866047.



Kæru sveitungar.

Eins og flest ykkar vita hefur orðið breyting á hlutverkum í sveitarstjórn. Fyrir skömmu höfðu tveir fulltrúar meirihlutans þau Harpa Dís og Jón, samband við okkur Odd og óskuðu eftir viðræðum um meirihlutasamstarf. Að sjálfsögðu urðum við Oddur við þeirri ósk og eftir viðræður var ákveðið að mynda nýjan meirihluta.

Það fer best á því að aðilar að fyrri meirihluta skýri vegna hvers slitnaði upp úr þeirra samstarfi.

Mikið hefur verið gert úr því að stefna þeirra lista sem eiga menn í sveitarstjórn sé ólík.

Víst er að um áherslumun er að ræða en stefnuskrár framboðana eru býsna líkar. Af 530 dagskrármálum eru 18 ekki samþykkt samhljóða og því má segja að sveitarstjórn hafi verið rúmlega 96% sammála.

Skólamál. Í hverju samfélagi er góður skóli nauðsynlegur, til að ná því markmiði eru til fleiri en ein leið. Eins og allir vita þá eru engin áform uppi um að flytja Þjórskóla eitt eða neitt á kjörtímabilinu. Markmið nýs meirihluta er að gera góðan skóla betri. Til þess að það geti orðið að veruleika þarf allt samfélagið að taka þátt, sveitarstjórn getur hvatt til verka, en það eru kennarar, börn og aðrir starfsmenn ásamt foreldrum og samfélagi sem gera góðan skóla.

Þessa daga síðan ég tók við sem oddviti hafa farið í það að tala við stjórnendur stofnana sveitarfélagsins ásamt því að funda með starfsfólki skrifstofu. Eftir þessa yfirferð er ég enn sannfærðari um að við höfum á að skipa úrvalsfólki hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Það kemur mér gleðilega á óvart hversu margir hafa haft samband við mig og lýst yfir ánægju með nýjan meirihluta. Okkar er að standa undir væntingum íbúa sveitarfélagsins.

Horfum á það sem sameinar okkur enn ekki það sem sundrar. Virðum skoðanir annarra og reynum að komast að niðurstöðu sem flestir sætta sig við.

Að lokum óska ég íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem og öðrum lesendum fréttabréfsins gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs.

Björgvin Skafti Bjarnason ,oddviti.





38. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi

Þriðjudaginn 20. nóvember 2012 kl. 13:00.

Mætt til fundar: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason og Harpa Dís Harðardóttir. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð. Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera. Gunnar oddviti fór lauslega yfir þau mál sem eru á dagskrá. Steingrímur Erlingsson og Halldór Jónsson mættu til fundar vegna 1. liðar.

1. Steingrímur Erlingsson kynnti ásamt Halldóri Jónssyni verkfræðingi áform um uppsetningu á vindmyllum að Vorsabæ. Oddviti gaf Steingrími orðið. Hann greindi frá því fyrst og fremst væri um hugsjónastarf að ræða. Ekki um beina ágóðastarfsemi. Hann hafði gert samning um sölu á því rafmangi sem vindmyllurnar myndu framleiða. Hann vakti athygli á því að lítið myndi heyrast í vindmyllunum. Þær snúist alltaf á sama hraða burtséð frá vindhraða. Hann sagði einnig frá áformum um uppbyggingu á menningarhúsi og íbúðarhúsi. Steingrímur svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Er Steingrímur og Halldór voru farnir af fundi var ákveðið að óska eftir því að Steingrímur myndi útvega myndir er sýna afstöðu af fyrirhuguðu mannvirki frá næstu bæjum. Sveitarstjóra falið að ræða við Steingrím.
2. Beiðni um styrkveitingu til kvenna í leikfimi. Ákveðið að fresta máli til næsta fundar. Á næsta fundi verði kominn rammi varðandi styrki til félaga í sveitarfélaginu umrædd beiðni verði afgreidd samhliða því.
3. Beiðni um fjárstuðning til LH frá síðasta fundi. Beiðni hafnað.
4. Beiðni frá Stígamótum um fjárstuðning. Samþykkt að veita kr. 50.000 til Stígamóta.
5. Umsögn. Drög að lagafrumvarpi um almenningssamgöngur. Vísað til Samtaka Íslenskra sveitarfélaga.
6. Umsögn. Breytingar á lögum um félagslega aðstoð. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir boðaðar breytingar á umræddum lögum.
7. Fl. Erindi vegna minnisvarða um Má Haraldsson og upplýsingaskiltis. Sveitarstjórn styður erindið heilshugar.
8. Aqua Islandia, erindi frá Árna B. Guðjónssyni. Framkomnu erindi hafnað. Sveitarstjórnarmenn telja mál sem þetta ekki á færi sveitarstjórnar.
9. Hjólhýsasvæðið í Þjórsárdal. Talsmenn Skógræktar ríkisins sendi sveitarstjórn bréf þar sem fram kemur álit þess efnis að ekki sé í verkahring Skógræktarinnar að reka og þjónusta þéttbýli af hjólhýsum eins og það sem staðsett er í Þjórsárdal. Sveitarstjórn er hlynnt því að hætt verði að reka heilsársleigusvæði í landi Skógræktarinnar í Þjórsárdal og er sammála þeirri leið sem Skógræktin leggur til í erindi sínu til að ná fram þeim markmiðum. Jafnframt fagnar sveitarstjórn þessu frumkvæði Skógræktarinnar að vinna að varanlegri lausn þessa máls sem er í góðu samræmi við annað sem stofnunin er að gera á svæðinu sem er til mikilla framfara. Tillaga samþykkt samhljóða.
10. Umhverfisráðuneyti. Utanvegaakstur, flokkun vega (frá nóv. 2008). Frá síðasta fundi. Sveitarstjóra, formanni umhverfisnefndar, formanni fjallaskilanefndar og Ingvari Hjálmarssyni fulltrúa Afréttamálafélags Flóa og Skeiða falið að afla upplýsinga og ljúka málinu.
11. Skipulagsstofnun. Tillaga að landsskipulagsstefnu 2013-2014. Drög að landsskipulagsstefnu. Ósk um umsögn. Sveitarstjórn vísar til samþykktar Samtaka Íslenskra sveitarfélaga landskipulagsstefnu og tekur undir hana.

12. Menntamálaráðuneyti: Þjóðarsáttmáli gegn einelti. Sveitarstjórn tekur undir erindi mennta málaráðherra.
13. Fundargerð nr. 05 Menningar, æskulýðs, velferðar og jafnréttisnefndar. Frá síðasta fundi. Fundargerð samþykkt samhljóða.
14. Forleiguréttur að veiðiréttindum í Fossá í Þjórsárdal. Erindi frá Einari J Jóhannssyni og Helgu Símonardóttur leigutökum Fossár. Beiðni hafnað.
15. 52. Fundur Skipulags og byggingafulltrúa 25.10.2012. Liður nr. 19. Mál nr. 201210874133 Eystra-Geldingaholt landnr. 166644 ný lóð 10.512 m². Erindi samþykkt
16. Kosning fulltrúa sveitarfélagsins í almannavarnanefnd Árnessýslu. Samþykkt að Kristófer Tómasson sveitarstjóri sitji í almannavernd fyrir hönd sveitarfélagsins.
17. Fundargerð oddvitanefndar uppsveita Árnessýslu 2. nóvember 2012. Fundargerð samþykkt.
18. Beiðni bænda í Haga og Fossnesi um lækun fjallskila. Erindi hafnað með vísan í fundargerð Afréttarmálafélags Gnúpverja frá liðnu hausti
19. Stofnsamningur héraðsnefndar. Sveitarstjórn leggur til að stofnsamningurinn verði samþykktur.
20. Frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs. Þingskjal 120. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir frumvarp til laga um að flugvöllur verði áfram á höfuðborgarsvæðinu.

Mál til kynningar

- A. Áætluð framlög vegna nýbúafræðslu.
 - B. Skilaboð frá Skipulags- og byggingafulltrúa.
 - C. 461. fundur stjórnar SASS.
 - D. Vinna og virkni.
 - E. 89. afgreiðslufundur byggingafulltrúa. 06.11.12.
 - F. Sóknaráætlun landshluta.
- Fundi slitið kl 16 :05



Næsti fundur ákveðinn 4. desember næstkomandi.



Kertasmiðjan Brautarholti

Símar 663 4666 — 823 3999

486 5518

www.kertasmidjan.is

Netfang: [kertasmiðjan @web.is](mailto:kertasmiðjan@web.is)



Tilkynning;

Ábótinn og ljósleiðari Fjarskiptafélags Skeiða - og Gnúpverjahrepps

Ábótinn ehf mun á næstu vikum færa viðskiptavinum sínum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi yfir á ljósleiðara Fjarskiptafélags Skeiða - og Gnúpverjahrepps. Óhætt er að greina frá því að Vodafone hefur ekki talið sér fært að breyta verðlagningu á erlendu gagnamagni til Ábótans til endursölu. Með því að líta á verðlista Vodafone má greina hvað hvert GB af erlendu gagnamagni gæti gefið sig á. Vodafone hefur boðið Ábótanum sambærilegt gagnamagn til endursölu á 180-200 kr. en það er það sama og hingað til. Með þeim viðskiptakjörum, auk annars, væri Ábótanum bolað út af þessum markaði. Enn fremur hefur komið í ljós að Ábótinn getur ekki endurselt sjónvarp Vodafone en þar sem tveir þræðir koma í hvert hús getur sjónvarp Vodafone runnið um annan þræðinn og internet Ábótans um hinn hjá þeim sem það kjósa. Væntanlega verður ýtt að fólki að kaupa allt af einum. En aftur á móti má benda fólkinu á það að með tilkomu OZ sem kynnt var í Árnesi á dögunum þá opnast þar gluggi fyrir „internet“ sjónvarp. Þar hægt að horfa á Rúv og allar innlendar rásir 365 miðla svo sem Stöð2 og Stöð2 Sport. Síðar munu allar erlendar rásir 365 miðla bætast í framboðið auk allra norrænu ríkisstöðvanna. Myndveita 365 miðla, Safnið, verður strax í boði auk þess að fleiri aðilar munu hefja sölu á kvikmyndum og þáttum (VideoOnDemand)

Með ýmsum tilfæringum og breytingum getur Ábótinn boðið internet tengingar á verðum sem ekki var fyrir séð.

Grunntenging við internet þjónustu Ábótans með ljósleiðara Fjarskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps verður þessi (að viðbættu gjaldi til FSG):

Fyrir heimili og sumarbústaði:

kr. 2.500. Innifalið þar eru 10GB erlent niðurhal niðurhal.

kr. 3.500. Innifalið þar eru 40GB erlent niðurhal niðurhal.

kr. 7.000. Innifalið ótalið erlent niðurhal. Ótalið þýðir ekki að ótakmarkað erlent gagnamagn sé innifalið.

Innheimt verður fyrir gagnamagn umfram það sem innfalið er í mánaðargjaldi í 10GB þökkum á 1.200 kr.

Fyrir fyrirtæki:

Fyrst um sinn verður óbreytt verð til fyrirtækja og erlenda niðurhaldið ekki mælt sem fyrr. Við þessi gjöld bætist í flestum tilvikum 500 kr. fyrir afnot af router og ljósbreytu Ábótans og svo innheimtugjald 263 kr. nema greitt sé með greiðslukorti.



Stafskraft vantar í Leikholt.

Tímabundið vantar starfskraft í eldhúsið í Leikskólanum Leikholti.

Einkunnarorð Leikhólts eru: gleði, vinsemd og virðing.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Björk Gylfadóttir leikskólastjóri

Sími: 4865586 eða 895 2995. leikskoli@skeidgnup.is



Laugarvatn Fontana býður ykkur að njóta gufunnar í vetur á sérstökum kjörum.

Í desember eru til sölu einstaklingskort á 9.000 krónur og fjölskyldukort á 20.000 krónur sem gilda út júní

2013. Sunnudaga á aðventunni bjóðum við ykkur sérstaklega velkomin með heitu kakó og smákökum.

Fjölmönnum á árlega kertafleytingu á Laugarvatni þann 1. desember og eigum notalega stund saman. Síminn okkar er sem áður 486 1400.

Opið virka daga í vetur frá 13:00 til 21:00 um helgar 11:00 til 21:00.

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi



JÓLAKVEÐJA

ÞÖKKUM
FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR



HÓTEL GEYSIR
HAUKADAL



**Foreldrar, forráðamenn
barna á aldrinum
6—18 ára með
lögheimili í Skeiða- og
Gnúpverjahreppi.**

Minum á æskulýðsstyrkinn
kr. 50. þúsund sem hvert
barn getur nýtt sér á þeim
aldri ef viðkomandi stundar
viðurkennt íþrótt eða tóm-
stundastarf.

Umsóknareyðublað á
www.skeidgnup.is/stjornkerfið/eyðublað





Þjórsárskóli

Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Frábær kokkur í skólanum okkar

Við í Þjórsárskóla erum ofsalega ánægð með matinn sem við fáum í hádeginu. Maturinn er eldaður á staðnum af Kolbrúnu Kristínu Danielsdóttur, eða Stínu eins og við

köllum hana öll. Hann er handgerður frá grunni og er áherslan á það að hafa bæði hollan og góðan mat. Öll hráefnin koma úr heimabyggð og erum við heppin með það hversu mikil ræktun er t.d. á grænmeti í nágrenninu. Ilmurinn af gómsætum mat og grófu brauði tekur á móti okkur og auk þess er hrátt grænmetishlaðborð á boðstólnum daglega, sem er mjög vinsælt.

Stína hlustar líka á óskir nemenda sinna og að sjálfsögðu gerum við okkur dagamun. Í morgun brugðu nemendur í 7. bekk á það ráð að fara á hnén og biðja fallega um pizzuveislu. Þótt það sé ekki á matseðlinum tók Stína vel í þetta og hver veit nema okkar bíði heimagerðar pizzur, með miklu kjöti og grænmeti í næstu viku.

Stína kokkur setur sálina í matargerð sína og leggur sig fram við að búa til frábæran, hollan mat. Við, nemendur og starfsfólk skólans teljum okkur heppin að njóta þessara forréttinda.



Dagur íslenskrar tungu

Föstudaginn 16. nóvember var dagur íslenskrar tungu. Við í Þjórsárskóla höldum daginn hátíðlegan með því að taka þátt í Menningarkvöldi sem sveitafélagið okkar stóð fyrir í Árnesi.

Yngri og eldri kórar skólans fluttu nokkur lög, undir stjórn Helgu Kolbeins og síðan voru atriði frá hverjum aldurstigi. Nemendur í 1.- 2. bekk sungu lög af disk Hafðisar Huldar, Englar í ullarsokkum, nemendur í 3.- 4. bekk fluttu vísur eftir Hákon Aðalsteinsson og nemendur í 5.- 7. bekk fluttu ljóð eftir íslenska höfunda.

Skólinn fékk líka óvæntan glaðning frá Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja, ávísun upp á 100.000 krónur, til þess að styðja við leiklistarstarf Þjórsárskóla. Þökkum við kærlega fyrir góða gjöf.

Við viljum þakka nemendum fyrir frábæra kvöldstund á Degi íslenskrar tungu. Börnin voru sjálfum sér, okkur og foreldrum sínum til sóma.



Safnaferð

Nemendur í 5.-7. bekk fóru í skemmtilega safnaferð mánudaginn 19. nóvember. Byrjað var á því að skoða Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi en Elínborg tók á móti okkur þar og fræddi okkur um afleiðingar jarðskjálfta og hvernig við eigum að bregðast við þeim. Síðan lá leiðinn í Hveragerði þar sem við skoðuðum Listasafn Árnesinga en þar stendur yfir sýning er nefnist TÓMIÐ, Horfin verk Kristins Péturssonar. Safnstjóri Listasafnsins Inga Jónsdóttir sagði okkur ýmislegt athyglisvert um ævi hans og störf. Í verslunarmiðstöðinni Sunnumörk sáum við ýmislegt fróðlegt um jarðskjálfta til dæmis má sjá jarðskjálftasprungu í gegnum gler á gólfinu. Að lokum fórum við í pizzahlaðborð á Hoflands-setrinu.

Heilsueflandi skóli

Liður í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli er að sjálfsögðu hreyfing. Starfsmenn feyktu því sannarlega af stað af fullum krafti í gær á starfsdegi skólans, bókstaflega :) og fóru í hressilegan göngutúr í villta veðrinu, en eins og heyrðist eitt sinn „það er ekki til vont veður, það er bara fólk sem klæðir sig illa.”

Fólk dúðaði sig og harkaði af sér.

Stefnan var tekin í átt að Hamratungu, á gamla Þjórsárholtsveginn og komið á aðalveginn fyrir framan Réttarholt, síðan arkað fram að búð og í skólann. Þetta var hressandi í alla staði og ætlunin er að stunda gönguferðir eða aðra hreyfingu meðal starfsmanna nokkuð reglulega.



Grýla og jólasveinarnir

Nemendur í 1.- 2. bekk var boðið á leiksýninguna: „Grýla og jólasveinarnir“ í leikskólanum. Þórdís Arnljótsdóttir, leikkona, töfraði fram ýmislegt upp úr einni ferðatösku, t.d. grýlu og gömlu jólasveinana 13. Hún sýndi okkur hvernig þau litu út, hvernig þau klæddu sig og hvernig þau höguðu sér. Hún gerði það svo snilldarlega að enginn varð hræddur, ekki einu sinni við grýlu. Allir skemmtu sér vel.

Þórdís náði vel til barnanna og fengu börnin mikið hrós fyrir hvað þau voru stillt og lifðu sig inn í leiksýninguna.



Leikskólabörnin í skólanum

Á fimmtudagsmorgnum í vetur komu 5 ára börnin úr leikskólanum í heimsókn í 1.- 2. bekk. Í október og nóvember vorum við með álfapema: Lásam álfasögur, bjuggum til álfabók og hver nemandi bjó til sinn álf úr trölladeigi.

Í vetur hafa börnin fylgt stundaskrá fram að hádegi, borðað morgunmat, unnið alls konar skólaverkefni, sungið og farið í útinám með Bente. Helga Guðlaugsdóttir, kennarinn þeirra úr leikskólanum, fylgir þeim.

Við erum ofsalega ánægð með þetta góða samstarf milli skólastiganna og hlökkum til að



halda áfram eftir áramót. Nemendur í 1.-2. bekk taka vel á móti 5 ára börnunum og finnst gaman að fá þau í heimsókn. Yngri börnunum líður líka vel, þau kynnast skólanum, kennurum og nemendum og þetta er því góður undirbúningur fyrir skólagöngu þeirra næsta vetur.

Framhald á bls. 17.

Saumastofan í Árnesi.

Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja hefur ákveðið að setja upp leikritið Saumastofuna eftir Kjartan Ragnarsson. Gengið hefur verið frá samningi við leikstjórann Svandís Dóru Einarsdóttur.

Æfingar hefjast í byrjun janúar.

Saumastofan var skrifuð í tilefni af kvennaárinu 1975 sem náði hápunkt með kvennafrídeginum sama ár. Leikritið sló í gegn og var sýnt yfir 200 sinnum á 3 árum.

Saumastofan var ádeila inn í þjóðfélagið á sínum tíma, þar sem staða konunnar innan feðraveldisins var miðpunktur ádeilunnar. Af hverju eru konur með lægri laun en karlar? Af hverju hafa karlmennirnir völdin þegar konan er sú sem í raun og veru heldur öllu saman? Kjartan beinir athyglinni að mikilvægum spurningum sem eiga fullt erindi enn þann dag í dag. Hvað hefur raunverulega breyst?

Saumastofan er jafnframt gamanleikrit með tónlist og söng ásamt dramatísku ívafi.

Leikdeild U.M.F.G

Sigrún Bjarnadóttir, Fossnesi, form. Þóra Þórarinsdóttir, Haga 2.

Eypór Brynjólfsson, Hamragerði 2.



Svandís Dóra Einarsdóttir, leikstjóri.



Leiklistarnámskeið. Leikarar óskast !

Fyrstu helgina í janúar heldur Leikdeild U.M.F.G. námskeið í Þjórsárskóla. Leiðbeinandi verður Svandís Dóra Einarsdóttir, en hún mun leikstýra leikritinu Saumastofunni eftir Kjartan Ragnarsson. Námskeiðið hefst föstudaginn 4. janúar kl. 17:00 – 19:00. Einnig verður námskeiðið laugardaginn 5. janúar og sunnudaginn 6. janúar, tímasetningar ákveðnar síðar.

Leiklistarnámskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.!

Okkur vantar fullt af góðu fólki. Leikara, ljósataekni, hvíslara, píanóleikara, bún-ingahönnuð, leiktjaldasmið, auglýsingastjóra, miðasölufólk og fleira og fleira. Spennandi vetur framundan í menningarmálum sveitarfélagsins. Saumastofan er skemmtilegt verkefni. Þeir sem vilja vera með okkur, hafið samband við Sigrúnu í Fossnesi, 486-6079 eða Eypór 897-1112.



Leikdeild U.M.F.G.



Félagsmiðstöðin Zero hefur verið önnum kafin nú haust, starfsemin byrjaði formlega með busun þar sem 10. bekkur bauð 8.bekk velkominn og enduðu þau kvöldið með stórskemmtilegu busaballi. Zero er opin tvisvar í viku og hafa öll ungmenni í

sveitarfélögunum aðgang að starfseminni sem er fjölbreytt, meðal þess sem við höfum gert í haust auk fastra lið er ungmennaskipti, keppt í Stíl, Halloween ball og söngvakeppni Zero.

Í lok október fóru 11 ungmenni frá Zero ásamt tveimur farastjórum þeim Halldóru Hjörleifsdóttur og Eygló Jósephsdóttur til Englands og tóku þar þátt í ungmennaskiptum, auk okkar voru ungmenni frá Englandi og Eistlandi. Rúmlega 30 ungmenni frá þessum löndum tóku þátt í fjölbreyttum verkefnum sem öll fjölluðu um sama viðfangsefnið en útgangspunktur verkefnisins var „Make a career – Be a volunteer“ eða hvernig þátttaka í sjálfbóðaliðsstarfi getur aukið atvinnutækifæri þín. Það voru hrein forréttindi að fá að fara með þessum flottu ungmönnum og vinna að þessu verkefni en hópurinn í heild sinni stóð sig frábærlega.



Allur hópurinn síðasta kvöldið!

Anna Dagbjört, Áslaug, Erla, Gulla, Hafdís, Hugrún, Jón Gunnar, Katrín, Valgeir og Ylfa á Keflavíkurflugvelli á leið til Manchester.

Zero hefur undanfarin þrjú ár tekið þátt í Stíl sem er keppni á vegum Samfés (samtök félagsmiðstöðva á Íslandi) en

keppt er í fatahönnun, hárgreiðslu, fördun og möppugerð. Keppnin fór fram í Hörpunni 24. nóvember og tóku rúmlega 50 félagsmiðstöðvar þátt. Stelpurnar í liði Zero gerðu sér lítið fyrir og lentu í 2.sæti með hönnun sína Ragnarrök. Þær Rakel Georgsdóttir (módel), Guðleif Erna Steingrímsdóttir, Hafdís Smára-dóttir og Hugrún Embla Sigurðardóttir unnu að hönnun sinni í vali í Flúðaskóla sem Helena Eiríksdóttir handavinnukennari og



Hafdís, Guðleif, Rakel og Hugrún

© siggaljosmyndari.is

Eygló Jósephsdóttir myndlistarkennari sáu um. Auk þeirra unnu tvö önnur lið að hönnun sinni í val-tímum og tóku þátt í undankeppni Zero sem haldin var í lok október en þar var valið það lið sem keppa átti fyrir hönd Zero á Stíl 2012.



Rakel í frábæri hönnun stúlkanna.

Söngvakeppni Zero fór fram 29. nóvember og tóku fjögur lið þátt.

Í ár unnu þær Erla Ellertsdóttir og Ninna Ýr Sigurðardóttir með lagið Brim og boðaföll með Landi og sonum. Þær verða verðugir fulltrúar Zero á USSS í janúar 2013 en það er undankeppni Suðurlands fyrir söngvakeppni Samfés sem fer fram í byrjun mars á næsta ári, Samfestingurinn 2013. Erla syngur og Ninna Ýr leikur með á píanóið.

Fyrir hönd Félagsmiðstöðvarinnar Zero Eygló Jósephsdóttir

Sauðakofinn auglýsir!

Nú fer hver að vera síðastur að panta „væna flís af feitum sauð“ fyrir jólin. Upplýsingar í sínum 486-6079 og 894-1106

fossnes@uppsveitir.is

Jólakveðjur

Sigrún og Diddi



39. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi þriðjudaginn 4. desember 2012 kl. 13:00.

Mætt til fundar: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason og Harpa Dís Harðardóttir. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð. Gunnar Örn oddviti setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Björgvin Skafti Bjarnason kvaddi sér hljóðs. Hann lagði fram beiðni um breytingu á dagskrá. Hann lagði fram vantrauststillögu á Gunnar Örn Marteinsson sem oddvita. Tillagan var samþykkt af Jóni Vilmundarsyni, Hörpu Dís Harðardóttur, Björgvin Skafta Bjarnasyni og Oddi Bjarnasyni. Gunnar Örn Marteinsson greiddi atkvæði á móti. Gunnar Örn kvaðst ekki hafa lengur umboð til að stjórna fundi. Hann óskaði eftir að Jón Vilmundarson varaoddviti tæki við fundarstjórn. Jón tók við fundarstjórn og bar fram tillögu þess efnis að Björgvin Skafti yrði kjörinn oddviti. Tillaga samþykkt af Jóni Vilmundarsyni, Hörpu Dís Harðardóttur, Björgvin Skafta og Oddi Bjarnasyni. Gunnar Örn Marteinsson sat hjá. Björgvin Skafti tók við fundarstjórn og gaf Jóni Vilmundarsyni orðið. Hann sagði af sér sem varaoddviti. Björgvin Skafti lagði fram tillögu um að Oddur Bjarnason yrði kjörinn varaoddviti. Tillaga samþykkt af Jóni Vilmundarsyni, Hörpu Dís Harðardóttur, Björgvin Skafta Bjarnasyni og Oddi Bjarnasyni. Gunnar Örn Marteinsson sat hjá.

Gunnar Örn Marteinsson lagði fram eftirfarandi bókun : Hef aldrei þau rúm tíu ár sem ég hef setið í sveitarstjórn lent í því að finna fyrir þeim stuðningi við mín störf sem ég hef fundið fyrir undanfarið. Ég er afskaplega þakklátur fyrir það og kveð oddvitastarfið í bili alla vega mjög sáttur við þann árangur sem náðst hefur þann tíma sem ég gegndi því. Bauð öðrum fulltrúum K-lista í sveitarstjórn það í gær að ég tæki mér leyfi í tvo mánuði og bauð jafnframt uppá þann möguleika að ég léti endanlega af störfum eftir það ef þeir sem skipuðu K-lista í síðustu kosningum teldu það vera fyrir bestu. Tel mjög hæpið að þeir fulltrúar K-lista sem standa að þessu meirihlutasamstarfi hafi meirihluta þeirra sem studdu þann lista síðast á bak við sig í þessari ákvörðun sinni.

Það er erfitt að gerast dómari í eigin sök og án efa á ég minn þátt í því hvernig mál hafa þróast hjá fulltrúum K-lista í sveitarstjórn og mun ekki fjalla meir um það í þessari bókun en leyfi öðrum fulltrúum listans að njóta vafans í þeim efnum enda nóg komið að tilgangslausu þessu í þeim herbúðum.

Bið kjósendur K-lista afsökunar á því hvernig mál hafa þróast og mun gera þeim betur grein fyrir minni sýn á þessu mál á næstunni.

Óska nýkjörnum oddvita velfarnaðar í starfi og er tilbúinn að vera honum innan handar telji hann það geta komið sér að notum í sínum störfum.

Eftir að hafa lagt fram áðurgreinda bókun vék Gunnar Örn af fundi. Hann kallaði ekki inn varamann. Gengið var til áður boðaðrar dagskrár.

2. Beiðni Leikdeildar UMFG. Beiðni um niðurfellingu húsaleigu samþykkt. Sveitarstjóra falið að sjá til þess að lagfæringar á ljósaborði og ljóskösturum í sal fari fram.
3. Ferðabjónusta og veitingar í Árnosi. Niðurstaða starfshóps var kynnt. Harpa Dís Harðardóttir sagði frá þeirri vinnu sem starfshópurinn hefur unnið. Hópurinn leggur áherslu á að tjaldsvæði í Árnosi og á Brautarholti verði rafvædd settir verði upp ca 30 tenglar á hvorum stað. Áætlaður kostnaður við rafvæðingu samkvæmt könnun nefndarinnar er 1,6 mkr. á hvorum stað.

Sveitarstjórn samþykkir að nefndin vinni áfram að málinu og að auglýst verði eftir nýjum rekstaraðilum í janúar næstkomandi.

4. Fundur Skipulags – og byggingafulltrúa nr. 53 dags. 22.11.2012.

Eftirfarandi mál þarfnast staðfestingar:

Mál nr. 43 Málsnr. 201105233196: Breyting á deiliskipulagi Árness – færsla á hringtorgi við nýjan tengiveg.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að breyting á deiliskipulagi Árness, vegna breytinga á legu tengivegar, verði auglýst að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 44, Málsnr. 201107723327. Dsk Hamarsholt land 220290 (Lómsstaðir) Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að deiliskipulag fyrir nýtt um 25 ha lögð milli landi Hamarsholts, Lómsstaðir, verði auglýst að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 45 Málsnr. 201112513592. Dskbr. Flatir – lóðir 5 og 6

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrirleggjandi breytingu á deiliskipulagi Flata, lóðir nr. 5 og 6, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu þar sem tillagan hefur áður verið kynnt án athugasemda og þegar er búið að framkvæma í samræmi við breytinguna.

5. Björgunarsveitin Sigurgeir samstarfssamningur. Drög að samningi milli sveitarfélagsins og björgunarsveitarinnar lögð fram. Samningurinn skal vera til fimm ára. Samningur samþykktur af hálfu sveitarstjórnar.

6. Björgunarsveitin Sigurgeir, beiðni um styrk. Um er að ræða styrk til að mennta allt að þrjá björgunarsveitarmenn sem ætlað er að sérhæfa í björgunaraðgerðum með notkun nýrrar björgunarsveitarbifreiðar og þeim búnaði sem henni fylgir. Það kostar 80.000 krónur að mennta hvern þeirra. Sveitarstjórn samþykkir að veita 240.000 krónur til málsins.

7. Drög að samningi um tæknisvið uppsveita. Ákveðið að fresta afgreiðslu og sveitarstjóra falið að skoða betur hvað í samningi felst.

8. Fjárhagsáætlun 2013- 2016. Síðari umræða.

Fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun var tekin til lokaafgreiðslu. Helstu niðurstöður áætlunarinnar eru eftirfarandi.

Heildartekjur A og B hluta 452.068 þkr.

Rekstrarafgangur A og B hluta sveitarsjóðs eftir fjármagnsliði 29.681 þkr

Handbært fé frá rekstri A og B hluti 50.044 þkr.

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Heildartekjur	452.068	Eignir alls	686.495
Gjöld	424.699	Skuldir alls	97.785
Afkoma f. fjármagnsliði	27.369	Eigið fé	588.710
Fjármagnsgjöld -	1.688	Handbært fé frá rekstri	50.044
Afkoma e. fjármagnsliði	29.681		

Áætlað er að fjárfesta í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 33,3 mkr. Þar er um verulega aukningu að ræða frá fyrri umræðu um fjárhagsáætlun. Ekki er gert ráð fyrir lántöku til fjárfestinganna.

Fjárhagsáætlun til áranna 2014, 2015 og 2016 er unnin samhliða áætlun 2013.

Helstu niðurstöðutölur eru eftirfarandi:

Framhald á næstu síðu.

Ár:	2014	2015	2016
Tekjur	452.068	452.068	452.068
Gjöld	425.033	425.953	427.456
Fjarmagnsliðir	636	63	807
Rekstrarafgangur	26.399	26.178	25.419
Eigið fé	615.108	641.286	666.704



Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og fyrir árin 2014-2016 samþykktar samhljóða.

9. Fundargerð 22. Skólanefnd - Leikskólamál 28. nóv. Fundargerð samþykkt.
10. Fundargerð 23. Skólanefnd - Grunnskólamál 28. nóv. Fundargerð samþykkt.
11. Beiðni Nýsköpunarkeppni grunnskólanema um styrk. Sveitarstjórn samþykkir að veita kr. 25.000 til nýsköpunarkeppinnar.
12. Héraðssambandið Skarphéðinn beiðni um styrk. Sveitarstjórn bendir á að Héraðssambandið hefur verið styrkt í gegnum Héraðsnefnd Árnesinga.
13. Landsbyggðin lifi. Umsókn um styrk. Beiðni hafnað.
15. Samstarfssamningur um verkefni vegna IPA styrkumsóknar Uppsveita Árnessýslu. Sveitarstjórn samþykkir samninginn. Oddvita falið að ganga frá samningi.
16. Vegur Heiðargerði. Erindi frá Ragnari Ingólfssyni. Sveitarstjóra falið að skoða málið í samráði við skipulagsfulltrúa.
17. Fundur stjórnar embættis. Skipulags og byggingafulltrúa nr. 13. Fundargerð samþykkt samhljóða.
18. Hátíðisdagur vegna verkloka ljósleiðara 12. janúar 2013. Sveitarstjóri sagði frá hugmynd um að sveitarfélagið stæði fyrir samkomu í tilefni af lokum ljósleiðaraframkvæmda. Samþykkt að efna til samkomu af ofangreindu tilefni. Sveitarstjóra og oddvita falið að skipuleggja samkomuna.

Mál til kynningar

- A. 145. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- B. 146. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- C. 12. fundargerð Velferðarnefnd Árnesþings.
- D. Fundargerð 801. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- E. Starfsleyfi vatnsveitu Skeiða – og Gnúpverjahrepps.
- F. Bréf Samkeppniseftirlits til sveitarfélaga
- G. 90. Afgreiðslufundur byggingafulltrúa uppsveita Árn. og Flóa.
- H. Fundargerðir Félags Orkusveitarfélaga Aðalfundur og fundir 1-8.
- I. Afstöðumyndir af fyrirhuguðum vindmyllum á Vorsabæ 1
- J. Handbók í nýsköpun.
- K. Fundur um skólastefnu leik og grunnskóla, Hrun. og Skeið og Gnúp.
- L. Aðalfundargerð SASS
- M. 462. stjórnarfundur SASS
- N. Fundargerð Velferðarnefndar 7. nóv. s.l.
- O. Fundarboð aukaaðalfundar SASS 14.12.

Fundi slitið kl. 17:41



Aðventukvöld (Framhald af bls. 10.)

Sunnudaginn 2. desember var aðventukvöld í Árnesi. Nemendur skólans tóku þátt, fluttur var helgileikur og kór skólans söng nokkur jólalög. Í lokin sungu síðan nemendur skólans lag með kirkjukórnum. Gaman var hvað margir sáu sér fært að mæta og taka þátt í þessari yndislegu stund sem var góð byrjun á aðventunni.



Kirkjuheimsóknir

Fimmtudaginn 6. desember fóru nemendur í kirkjuheimsóknir. 1.-4. bekkur fóru í Ólafsvallakirkju og 5.-7. bekkur fóru í Stóra – Núpskirkju. Séra Halldór Reynisson tók á móti börnunum á báðum stöðum.

1.-4. bekkur fóru síðan í heimsókn að Blesa-stöðum þar sem börnin sungu og léku helgileik fyrir heimilisfólkið. Vel var tekið á móti okkur og þetta var sannkölluð gleðistund.



Skógarferð

Þann 10. desember fórum við í mjög vel heppnaða ferð í skógin. Jólasveinn kom og dansaði í kringum jólatréð með okkur og við sungum nokkur lög. Það var gaman að fá hann í heimsókn. Nemendur unnu svo verkefni tengd jólnum og jólasveinum. Upp úr tíu fengum við heitt kakó og lummur sem þær Sigrún, Hrafnhildur og Bryndís höfðu útbúið fyrir okkur. Í lokin tíndum við efni í jólaskraut og þeir sem höfðu foreldra sína með sér fóru og völdu sér jólatré. Veðrið var frábært og nutum við öll ferðarinnar.

Bestu kveðjur
Bolette og Kristín.



Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Nýjar bækur komnar.

Góð bók, gulli betri!

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505 - www.gegnir.is





Hátíð ljósleiðarans í Árnesi!

Laugardaginn 12. janúar, í Árnesi,
kl.14:00 fögnum við því að ljósleiðarinn verður
orðinn að veruleika í Skeiða —og Gnúpverjahreppi.

Við gleðjumst um leið yfir hækkandi sól og kveðjum jólin.

Takið daginn frá. Nánar auglýst síðar.

Undirbúningsnefndin



SASS kannan góða!

Hinn frái Oddur Guðni Bjarnason sveitarstjórnarmaður hér í Skeiða– og Gnúpverjahreppi bar sigur úr bítum í skemmtilegri keppni sveitarfélaganna um “SASS könnuna” sem haldin var á Ársþingi SASS í október s. 1. Keppnin endaði með einvígi eftir fjórar þrautir á milli okkar manns og oddvita Skaftárhrepps.

Keppendur fengu sveitarstjóra sína til liðs við sig. Þurfti sveitarstjórinn að halda tóni á meðan viðkomandi keppandi, geystist um salinn og reyndi að kyssa sem flestar konur!

Að sjálfsögðu vann okkar maður með glæsibrag og óskum við honum til hamingju með sigurinn, Kristófer sveitarstjóri liðkaði til með því að halda löngum tóni!!! ☺




Jólagjöfin í ár!

Mynddiskur um fjölbreytileika Þjórsárdalsins og einstaka náttúrufegurð svæðisins.
Höfundar: Ari Trausti Guðmundsson og Valdimar Leifsson.

Fæst á skrifstofunni í Árnesi
og kostar kr. 1.500,-

Tilvalið fyrir brottflutta. (-:|>*



Jólaballið í Brautarholti!

Jólaball kvenfélaganna í Skeiða-og Gnúpverjahreppi verður haldið í Brautarholti laugardaginn 29. desember kl. 13:00.

Dönsum í kringum jólatréð því um fjörið og tónlistina sér enginn annar en hinn eini, sanni Jón Bjarnason og að sjálf-sögðu koma jólasveinar í heimsókn ;o)
Nú verður sko fjör og við skulum fjölmenna og skemmta okkur reglulega vel! Kaffi, gos og meðlæti, en samt þarf enginn að koma með kökur. 500 kr fyrir 13 ára og eldri.



Jólakveðja - Kvenfélögin.





Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási

480-1180 Fax: 480-1181


Heimasíða: www.laugaras.is

Félagsmálastjóri : María Kristjánsdóttir



Laugardaginn 8. desember sáu Leiksteinn, foreldrafélag leikskólans og Foreldrafélag grunnskólans um árlegt jólaföndur í leikskólanum í Brautarholti.

Foreldrar mættu með börnum sínum á öllum aldri og litu dagsins ljós margir jólalegir hlutir. Fléttaðir voru músastigar, klipptir út englar og snjókallar spruttu upp hér og þar. Könglar öðluðust líf með því að límdir voru á þá höfuð og húfur ýmiskonar. Piparkökur voru litaðar í fánalitunum og gátu sumir ekki beðið með að gæða sér á þeim enda girnilegar. Hér eru nokkrar myndir frá jólaföndrinu.



Jólaþakveðja.

Foreldra-
félögin.



Leikföng

fyrir verðandi bændur og
lengra komna



Framm til jóla bjóðum við...


- ✳ Kaffi á könnunni fyrir lengra komna
- ✳ Kókómjólk og djús fyrir tilvonandi
- ✳ Piparkökur fyrir alla



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Nýtt fyrirkomulag á gámasvæðunum!

Þann 7. janúar n.k. verður tekinn upp sérstakur opnunartími á gámasvæðum sveitarfélagsins við Brautarholt og Árnes. Nánar auglýst með dreifibréfi þegar nær dregur. Sveitarstjóri.



Ert þú vinur?

Styrkið gott málefni og fáið ykkur miða, fyrir lífið sjálft. Umboðsmaður Sigrún Fossnesi.
Sími 486-6079 og 895-8079 fossnes@uppsveitir.is

Happadrætti S.Í.B.S.

Frá aðalfundi Fjárræktarfélags Gnúpverja.

Hann var haldinn í Fossnesi 10. des. Góð mæting og áhugi er fyrir blessaðri sauðkindinni okkar. Kosinn var nýr formaður, Þóra Þórarinsdóttir í Haga. Farandbikarar eru veittir ár hvert fyrir stigahæsta lambhrútinn og veturgamla hrút í félaginu og dæmdist lambhrúturinn Hafur frá Haga með 86,5 stig.

Faðir Hergill nr. 08-870 og móðir 09-936 frá Haga.

Hæst dæmdi veturgamli hrúturinn er frá Háholti, Baldur með 86 stig.

Faðir, Tvistur 05-770 frá Háholti og móðir Erla 06-632 frá Háholti. Hrútasæðingar verða 17. - 21. des. einnig er hægt að panta sæði fyrir þann tíma. Birkir á Hæli sæðir í sveitinni.

Hann er í síma 897-4482 fyrir kl. 9 á morgnana.

Í stjórn eru:

Þóra Þórarinsdóttir, Haga

Sigrún Bjarnadóttir, Fossnesi

Bjarni Másson, Háholti



Fráfarandi formaður, Eiríkur Jónsson í Eystra-Geldingaholti afhenti Þóru og Bjarna farandbikara fyrir þær gæðaskepnr sem þau eiga.

***Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá
Margréti Steinþórsdóttur í Háholti,
sími 486-6017.***






Fréttir frá Leikholti.

Fimmtudaginn 6. desember var vasaljósa og myrkurdagur í Leikholti. Börnin í Smáholti fóru með vasaljós í salinn. Börnin í Stórholti byrjuðu á því snemma morguns að slökkva ljósin og kanna leikskólann með vasaljósum. Síðan fóru þau út myrkrið.

„Sjáði! Það er fótspor! Hver á þessi spor?“ „jólakötturinn?“ „eða Grýla?“ „nei hún á stjörnufótspor“. Börnin gengu út um allan völl og leituðu að fleiri fótsporum og jólakettinum. Hann var hvergi að finna, hvorki undir rennibrautinni né undir brúnni!



Þessi veggur sýnir brot af ýmsu sem verið er að vinna í leikskólanum, m.a. skuggamyndir af börnunum, jólateikningar, fána þeirra

þjóðerna sem eru í leikskólanum og desemberdagatalið.

Flest börn og starfsfólk er búið að gera „fjölskylduspjald“.

Á spjaldinu er m.a. mynd af viðkomandi, fjölskyldunni, húsinu, heimilisdýrunum, og áhugamálum. Það er vinsælt að fara og skoða þessi spjöld. Síðan eru þau líka notuð í hópastundum, nýtast í málörvun og lífsleikni.



Alla, Milla og börnin í Smáholti skoða fína jólatréð sem er fyrir utan leikskólann. Kæru sveitungar við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsaældar á nýju ári.

Kveðja.

Börn og starfsfólk Leikhólts



Opnunartími skrifstofu yfir jól og áramót!



Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð 24. des. til og með 27. des. en opið 28. des. kl. 9-12. Lokað gamlársgangur, opnað aftur eins og venjulega 2. janúar 2013.



Á jólaföstu.

Nú þegar sólargangur er styttri en gerist á öðrum tímum ársins og framundan er nýtt ár er engin ástæða til annars en vera bjartsýnn fyrir hönd sveitarfélagsins. Á nýju ári verðum við íbúar Skeiða – og Gnúpverjahrepps mun betur tengd umheiminum, það felur í sér mikil tækifæri. Það er að styttest í að ég nái meðgöngutíma í starfi sveitarstjóra. Þessi tími hefur verið viðburðaríkur, krefjandi og umfram allt skemmtilegur. Fjárhagsáætlun næsta árs var afgreidd í síðasta sveitarstjórnarfundum og endurspeglar hún gott fjárhagslegt jafnvægi sveitarfélagsins.

Við ráðgerum að fara í umtalsverðar framkvæmdir. Þar má nefna endurbætur á Þjórsárskóla og Árnosi. Nýtt gámasvæði og vegagerð í tengslum við það og fyrirhugaðar lóðir sunnan vegar við Árneshverfi. Ennfremur verður unnið að úrbótum við fráveitu í Brautarholti. Ráðist verður í að rafvæða tjaldsvæðin við Árnes og Brautarholt svo nokkuð sé nefnt.



Nú fara jól í hönd og öll eigum við okkar jóla-venjur og er tilhlökkun til þeirra og upplifun með ýmsum hætti. Það er mín reynsla að við það að eignast börn taki við ný upplifun jólanna í gegnum þau. Ég vil forðast allt sem heitir jóla-stress og legg mikið upp úr því að njóta hátíð-leika, friðar, slökunar og ekki síst kræsinga. Kæru sveitungar, mínar bestu óskir um gleðilega jólahátíð.


Kristófer Tómasson





Á bak við eldavélina!

Ég þakka Árni Svavarssyni Neseýjarforstjóra og hestamanni fyrir þann mikla heiður sem hann sýnir mér með því að setja mig á bak við eldavélina að þessu sinni.



Ég leyfi mér nú að efast að valið ráðist af miklum sögum af afrekum mínum á þessu sviði. Það er Svikinn héri sem verður fyrir valinu. Í gegnum tíðina hefur sá réttur oft orðið fyrir valinu þegar það kemur í minn hlut að annast matseld á heimilinu. Það er nú reyndar ekki oft sem það gerist. Ég á mér ofjarl á því sviði innan veggja heimilisins. Þegar ég var pipar-karl á árum áður þurfti ég að bjarga mér í þessum efnum og var áðurnefndur réttur mjög vinsæll og þægilegur. Hann er ekki flókinn en býsna ljúffengur.

Svikinn héri.

500 grömm kinda- eða nautahakk.

Góð lúka af haframjöli.

1 Desilíter mjólk.

Ögn af salti og ögn af pipar.

1-2 matskeiðar af tómatsósu.



Hakkið er sett í skál mjólkinni hellt saman við ásamt eggjunum. Salt og pipar sett saman við. Þessu er öllu hrært vandlega saman. Skömmu síðar læðir maður haframjölinu út í.

Setja skal þetta í eldfast mót og er það haft í ofninum við 180 gráðu hita í 30-40 mínútur. Borið fram með kartöflumús og bernessósu, rauðkáli og rabarbarasultu. Ég er ekki viss um að heimilisfræðikennaranum þyki framsetningin á uppskriftinni mjög fagleg. ☺

Mér sýnist talsvert langt um liðið síðan kvenþjóðin í hreppnum hefur fengið að deila með okkur uppskriftum, ég ætla því að skora á skólasystur mína Helgu Guðlaugsdóttur leikskólakennara frá Birnustöðum að verða fyrsta manneskjan á bak við eldavélina á nýju ári.

Kveðja, Kristófer.



VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006

Kæru sveitungar og ferðamenn. — Alla daga, allan daginn!

Rúnnstykki, Crossant, brauð og vínarbrauð



Bjóðum upp á nokkrar tegundir af rúnnstykkjum, baguette og vínarbrauðum, ásamt crossant m/skinu og osti, einnig heilsubrauð og tómatabrauð. Getum líka bakað með stuttum fyrirvara (20 mín) öll brauð eftir pöntun.

Giesser hnífar í úrvali fyrir slátrun, kjöt og fiskvinnslu Margverðlaunaðir "BEST CUT" hnífar.



Alltaf til Cemtec skeifur í öllum stærðum!

VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006



LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Kort af afréttum milli Þjórsár og Hvítár!

Til sölu á skrifstofunni í Árnesi er endurútgefna óbyggðakortið af afréttum Gnúpverja, Skeiðamanna, Flóamanna og Hrunamanna og kostar **kr. 500.-** Gott í vasann og eykur **öryggi** ferðalanga!

Á tímamótum!

Á tímamótum er ágætt að setjast niður og velta hlutunum fyrir sér og nú þegar ég er hættur sem oddviti er gott að velta ýmsum málum fyrir sér. Í þau tæp sjö ár sem ég hef starfað sem oddviti hefur að sjálfsögðu ýmislegt komið uppá sumt af því er þess eðlis að það fer með mér yfir móð-unna miklu og er ástæða þess fyrst og fremst sú að ég virði trúnað við fólk. Það væri að sjálfsögðu þægilegt fyrir mig í þeim tilfellum þar sem fólk kennir mér um hluti sem ég á ekki sök á að segja frá því hvernig hlutirnir eru eða voru raunverulega í stað þess taka þá á mig en ég virði það fólk sem með mér hefur unnið meir en svo að ég geri það.

Það hafa því miður verið nokkur mál á undanförnum árum sem valdið hafa deilum í samfélaginu, slík mál taka alltaf sinn toll af því fólk sem vinnur í sveitarstjórn hvaða skoðun sem viðkomandi einstaklingur hefur á viðkomandi máli, þau mál taka líka oft á fólk sem býr í samfélaginu það skiptir íbúa því miklu máli að það fólk sem velst til starfa í sveitarstjórn setji sig vel inn í mál og þekki vel til samfélagsins og starfi fyrst og fremst eftir sinni sannfæringu. Versta málið sem ég hef komið nálægt er þegar verið var að gera breytingarnar á skólamálunum ég ætla ekki að rekja þau mál hér enda þekkja flestir til þeirra mála og margir hafa enn á því sterkar skoðanir. Ég vill hvetja fólk hvaða skoðun sem það hefur á þeim málum til að styðja við þær stofnanir hvar og hvernig sem þær eru reknar á hverjum tíma því þetta eru grunnstoðir okkar samfélags. Virkjanamál hafa verið mikið til umfjöllunar í sveitarfélaginu á undanförnum árum og raunar áratugum, mjög skiptar skoðanir hafa að sjálfsögðu verið um þau mál og sem betur fer er fólk sem heldur uppi andófi gegn slíkum fyrirætlunum, það veitir ákveðið aðhald. Hef sjálfur lengi beðið eftir því að rammaáætlun um orkunýtingu tæki gildi þannig að hægt væri að móta stefnu um þessi mál til frambúðar. Mér þykir eðlilegt að nýta þá orku sem við höfum á Íslandi en vil ekki gera það með því að ganga of nærri náttúrunni, hvar þau mörk eru, er fólk hins vegar ekki sammála um og þar stendur hnífurinn í kúnni.

Að undanförunu hefur mál er varðar fyrirhugaða byggingu minkabús í landi jarðarinnar Ása verið talsvert til umræðu í því máli hefur ekki verið samstaða í sveitarstjórn eins og flestum er kunnugt, það sem hefur mótað mína skoðun á því máli er sú sannfæring mín að samþykkt þess skipulags valdi sveitarfélaginu bókaskyldu og í þeim efnum hef ég stuðst við álit lögmanna og fleiri er ég tel að hafi talsverða þekkingu á málum sem þessum. Mér þykir meirihluti sveitarstjórnar hafa haldið illa á þessum málum, frá upphafi, og tel að hægt hefði verið að ná mun betri lendingu. Veit ekki hvernig meirihluti sveitarstjórnar mun bregðast við ef sveitarfélagið situr uppi með stór skaða vegna málsins.

Vel má vera að þær reglur sem í gildi eru og valda að mínu áliti sveitarfélaginu skaðabótaskyldu séu óréttlátar um það má deila en þær eru í gildi. Tek fram að ég hef ekki nema allt gott um það fólk að segja sem hér á hlut að máli, verið mér góðir nágrannar í mörg ár en í svona málum getur maður eingöngu tekið afstöðu eftir sinni sannfæringu, er ekki að segja að annað sveitarstjórnar-fólk hafi ekki gert það en málsmeðferðin af þeirra hálfu var öll í molum.

Þó svo nokkur mál hafi verið umdeild þá hafa önnur gengið ágætlega til að mynda hefur rekstur sveitarfélagsins gengið mjög vel þrátt fyrir að við séum yfirleitt með lægstu þjónustugjöldin hjá sveitarfélögum á Suðurlandi og aðalsjóður hefur til að mynda ekki tekið nein lán þann tíma sem ég hef gegnt starfi oddvita, talsvert hefur verið gert í viðhaldsmálum fasteigna á tímabilinu og er staða þeirra mála orðin vel viðráðanleg. Einnig er ég mjög stoltur af því hvernig gengið hefur við þær framkvæmdir sem nú eru að klárast, það er lagning ljósleiðarans, það finnst kannski sumum það of hól en ég ætla nú samt að hrósa mér af því að eiga stóran þátt í því hvað sú framkvæmd hefur tekist vel og er ég sannfærður um að verkefnið á eftir að vera mikið framfaraskref. Það eru ýmis verkefni framundan og mun ég reyfa mína sýn á þau mál síðar eftir því sem tilefni gefst til.

Eins og flestir vita var samþykkt vantraust á mig sem oddvita og myndaður nýr meirihluti í sveitarstjórn, hvað sá meirihluti á sameiginlegt fyrir utan takmarkalausa ást á þeim sem þetta skrifar veit ég ekki en get ekki annað en brosað breitt þegar ég hugsa til þess hvernig umræðurnar verða í samstarfinu þekkjandi persónur og leikendur. Sveitarfélagsins vegna vona ég að samstarfið gangi vel og óska Skafta velfarnaðar í starfi. Hvað samstarfsfólk mitt á K-lista varðar sýnist mér að öllu hafi verið til kostað til að losna við að hafa mig sem oddvita og sé nú eins komið fyrir þeim eins og súrdoðabelju sem getur ekki annað gert en vonað að einhver gefi henni kalk. Það er ekki neitt leyndarmál að ég var búinn að tilkynna samstarfsfólki mínu í K-lista að ég myndi starfa sjálfstætt í sveitarstjórn og væri tilbúinn til að starfa áfram sem oddviti án þess að það væri sérstakur meirihluti heldur myndi sveitarstjórn vinna öll í sameiningu að úrlausn mála, það voru í rauninni starfshættirnir á síðasta kjörtímabili og gafst vel enda Ingvar og Tryggvi afbragðs menn að vinna með sem settu sig vel inn í þau mál sem fjalla þurfti um. Mér var full ljóst þegar ég tilkynnti samstarfsfólki mínu þetta að mál kynnu að enda á þann veg að ég hætti sem oddviti en ég er þannig gerður að mér var ómögulegt að halda áfram á þeirri braut sem málin voru komin í, ég virði skoðanir fólks en óheilarleika og að unnið sé að bak við mig þoli ég ekki, oddvitastarfið er ekki þess virði. Rétt er að taka fram að þau Jón og Harpa sögðu mér aldrei að viðræður væru í gangi um myndun nýs meirihluta, það var Skafti sem sagði mér frá því þegar það var á lokasprettinum. Jón og Harpa tjáðu mér aldrei að þau teldu að ég ætti að víkja sem oddviti, hefðu þau haft kjark til þess hefði ég boðist til að standa upp fyrir Jóni og stutt hann út kjörtímabilið, Jón er hinn mætasti maður sem ég hef alltaf borið virðingu fyrir en hann hefur hins vegar ekki vaxið í áliti hjá mér undanfarið. Harpa hefur stundum kvartað yfir því að ég hafi ekki upplýst sig um hin ýmsu mál, get sagt ýmislegt um þá fullyrðingu hennar en leyfi henni að njóta vafans í þeim efnum.

Ætla ekki að fjalla nánar um ástæður þess að ég tók þessa ákvörðun en um hluta af því má lesa í fundargerðum sveitarstjórnar hafi fólk áhuga á því, get hins vegar ekki neitað því að ég hef stundum fengið kuldahroll í bakið á þessu kjörtímabili og vitað að hnifurinn var til og spuna-meistararnir til staðar, ýmsu vanir. Hefur borist til eyrna ýmislegt sem um mig hefur verið sagt undanfarið, sumt af því er eflaust rétt, annað er hrein lygi og uppspuni og til þess eins gert að upphafa viðkomandi, reyni að forðast að lenda í þeim pytti enda ekki til neins og endar venjulega á manni sjálfum aftur. Hef sagt Skafta að ég sé tilbúinn að vera honum innan handar þurfi hann á því að halda. Það er óhætt að segja að kjósendur klöppuðu hann ekki upp í þetta starf, en þá er bara að hringja í vin, eða átti hann kannski vin sem hann vissi ekki af sem hringi í hann?

Því er ekki að leyna að það að starfa í sveitarstjórn eins og andrúmsloftið hefur verið í samfélaginu á köflum undanfarin ár tekur sinn toll. Nauðsynlegt er að fólk taki upp nýja hugsun þegar verið er að ræða málefni samfélagsins og persónugeri ekki alla hluti eins og mér finnst á köflum vera gert, við megum ekki hafa umræður okkar á milli á þeim nótum að fólk fái ekki til starfa í sveitarstjórn, við eigum að gagnrýna hlutina þar sem fólk gefst kostur á að svara fyrir sig. Samfélaginu er nauðsynlegt að fá fólk til starfa í sveitarstjórn með viðsýni og framtíðarsýn. Það þarf fólk til starfa sem skipuleggur hvað það ætlar að gera á morgun en ekki fólk sem dáist að því hvað það gerði vel í gær. Kveð oddvitastarfið sátgur og er ánægður með hverju ég hef komið til leiðar þann tíma sem ég gegndi því og þakka öllu því góða fólki sem vann með mér þann tíma. Það sem er hér að framan ritað er mín sýn á hlutina og mun ég ekki fjalla frekar um þessi mál, mín biða önnur og skemmtilegri verkefni.

Óska ykkur öllum þess að eiga góð jól og ykkur farnist vel á nýju ári.
Gunnar Örn Marteinson.



HESTAÁHUGAFÉLAGIÐ GLAUMUR

Nú á haustdögum boðuðu nokkrir hestaáhugamenn og ræktendur til fundar til að kanna áhuga fólks í sveitinni á stofnun félagssskapar í kringum hestatengda viðburði og sýningahald. Um 20 manns mættu á þennan fund og var á honum ákveðið að skipa undirbúningsnefnd til að undirbúa stofnfund þessa félagssskapar og koma með tillögur að reglum félagsins.

Í þessari undirbúningsnefnd voru þau Hermann Þór Karlsson á Efri-Brúnavöllum 1, Hildur Sigurðardóttir Ósabakka 1, Gunnar Jónsson Skeiðháholti 3 og Aðalheiður Einarsdóttir.

Nefndin boðaði síðan til aðalfundar þann 23. október. Á fundinn mættu milli 20 og 30 manns. Bornar voru upp tillögur að Markmiðum félagsins og reglum.

Tillögur nefndarinnar voru samþykktar með smávægilegum breytingum, og eru eftirfarandi:

Markmið félagsins eru:

- ◆ Að halda utan um framkvæmd folaldasýningar og annarra sýninga sem ákveðnar verða í framtíðinni.
- ◆ Menningarferðir/skemmtiferðir. (Ferðir tengdar hestamennsku og hrossarækt).
- ◆ Að viðhalda gleði og samheldni meðal hestamanna í sveitinni.

Reglur

- Félagið er opið öllum sem áhuga hafa á hrossum.
- Aldurstakmark í skemmtiferðir er 18 ára, nema í fylgd með forráðamönnum.
- Halda skal eina folaldasýningu á ári. Og skal hún haldin á tímabilinu október – desember.
- Farið sé að minnsta kosti ein skemmtiferð á ári.
- Halda skal einn aðalfund á ári. Hann skal haldinn að hausti og boðaður með 5 daga fyrirvara.
- Það skal vera 4ra manna stjórn, tveir af hvoru kyni og tveggja manna varastjórn einn af hvoru kyni.
- Almenn leiðindi verða ekki liðin í félaginu og skipa skal aganefnd til að taka á slíkum málum.

Hermann á Efri – Brúnavöllum bar fram tillögu um nafn á félagið sem var samþykkt. Nafnið er; **Hestaáhugafélagið Glaumur.**

Næst var skipað í stjórn og var undirbúningsnefndin einróma kjörin í stjórn. Varamenn voru kosin þau Sigfús Guðmundsson í Vestra- Geldingaholti og Theodóra Sveinbjörnsdóttir í Arakoti. Þriggja manna aganefnd var einnig skipuð og voru þau Rósmarie B. Þorleifsdóttir í Vestra- Geldingaholti, Björn Jónsson í Vorsabæ og Aðalsteinn Aðalsteinsson, Húsatóftum kjörin.

Hinni nýju stjórn var síðan falið að undirbúa og standa að folaldasýningu og var hún haldin sunnudaginn 25. nóvember í reiðhöllinni í Vorsabæ 2 hjá Bubba og Stefaníu og tókst í alla staði vel.

Um þessa folaldasýningu er fjallað hér á næstu síðu í fréttabréfinu.

Úrslit folaldasýningar Hestaáhugafélagsins Glaums 2012

Hið nýstofnaða félag Hestaáhugafélagið Glaumur hélt sína fyrstu folaldasýningu þann 25. nóvember síðast liðinn. Góð mæting var af áhorfendum og er talið að milli 60 og 70 manns hafi verið á staðnum. Sýningin gekk vel og mættu 25 folöld til leiks. Dómari var Óðinn Örn Jóhannsson og veitti hann umsögn um hvert folald og valdi til verðlauna 3 folöld af hvoru kyni. Einnig völdu áhorfendur besta folaldið að þeirra mati.

Úrslitin urðu eftirfarandi:

Hestar:

Erpir frá Blesastöðum 2A/ jarpskjóttur, eigandi: Gunnlaugur Bjarnason

Faðir: Dynur frá Dísarstöðum

Móðir: Andrá frá Blesastöðum 2a

Gaukur frá Steinsholti/ rauðstjörnöttur, eigandi: Gunnar Örn Marteinnsson

Faðir: Kjarni frá Þjóðólshaga

Móðir: Dögg frá Steinsholti II

Kappi frá Vorsabæ 2 / jarpstjörnöttur, eigandi: Björn Jónsson

Faðir: Kinnskær frá Selfossi

Móðir: Snerpa frá Vorsabæ 2



Hryssur:

Nóta frá Brúnavöllum 1/ Rauð, eigandi: Hermann Þór Karlsson

Faðir: Dropi frá Efri-Brúnavöllum 1

Móðir: Frökk frá Bakka

Afróðita frá Kálfhóli 2 / Jarpstjörnött, eigandi: Hannes Ólafur Gestsson.

Faðir: Grunur frá Oddhóli

Móðir: Kúnst frá Kálfhóli 2

Hugsýn frá Ósabakka / rauð, eigandi: Hildur og Jökull Ósabakka

Faðir: Stígandi frá Stóra-Hofi

Móðir: Dís undan Hróði frá Refsstöðum

Áhorfendaval

Erpir frá Blesastöðum 2A/ jarpskjóttur. 21. Atkvæði.





Menn og Málefni!



Þann 06. nóvember s.l. eignuðust Sigríður Helga Jónasdóttir og Ólafur Hafliðason Birnustöðum 1, stúlku, sem vó 3.700 gr og 51 cm. Litla stúlkan á tvö systkini, þau Sigrúnu Angelu 8 ára og Sigurjón Tristan 3ja ára.

Erna Þórey Jónasdóttir og Logi Pálsson í Brautarholti eignuðust sitt fyrsta barn þann 5. desember það var einnig stúlka og vó hún 4.220 gr. og 52 cm.



Þá eru það brottflutta fólkið okkar þau Helena Steinþórsdóttir og Sigfús Harðarson sem búa á Selfossi. Þau eignuðust sitt annað barn þann 5. desember sem er drengur og var 3.630 gr. og 54 cm. Fyrir eiga þau hann Hrafinkel Mána sem veður þriggja ára í mars n.k.

Við óskum fjölskyldunum hjartanlega til hamingju með litlu englana sína og óskum þeim gleði og friðar á jólum og farsældar á nýju ári.



Þorrablót í Árnesi☺

Hið árlega Þorrablót Gnúpverja verður haldið í Árnesi föstudaginn **25. janúar 2013**

Takið daginn frá. Nánar auglýst í næsta fréttabréfi Þorrablótsnefndin

Húsaleigubætur

Við viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta (skv. 10. gr. laga um húsaleigubætur).

Hægt er að lesa lögin í heild á felagsmalaraduneyti.is
Við viljum því benda þeim einstaklingum á sem fá greiddar húsaleigubætur að þeir þurfa að endurnýja umsóknina sína fyrir 16. janúar 2013.

Sveitarstjóri.

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30-16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9:30 og 13-13:30

Vaktsími 892-8804 - Neyðarsími 112

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

VIOLA **snýrtistofa!** Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og pökkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. **13:00**

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. **14:00.**

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán



Sauðfjárþændur athugið!



Ullargámurinn er staðsettur að Smiðjustíg 10 frá **20. nóv.–20.des.**
 Hægt er að fá tóma ullarpoka á staðnum án endurgjalds!
Athugið að gámurinn verður þarna aðeins í mánuð!
 Starfsfólk Flúðaleiðar.



Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14

LAUGARDAGINN 15. DESEMBER

OPIÐ FRÁ KL. 11-18.

FÖSTUDAGINN 21. DESEMBER

OPIÐ FRÁ KL. 9-12.

MÁNUDAGINN 24. DESEMBER

LOKAÐ.

MÁNUDAGINN 31. DESEMBER

LOKAÐ

**ÓSKUM
VIÐSKIPTA-
VINUM
GLEÐILEGRA
JÓLA OG
FARSÆLDAR
Á NÝJU
ÁRI!**





*Tiundi var Gluggagægir,
grályndur mann,
sem laumaðist á skjáinn
og leit inn um hann.*

*Ef eitthvað var þar inni
álitlegt að sjá,
hann oftast nær seinna
í það reyndi að ná.*

Þannig orti Jóhannes úr Kötlum um Gluggagægi

“Gluggagægjadagur” - fyrir gæja og pæjur

Föstudaginn 21. desember
verðum við í jólaskapi og fögnum
komu Gluggagægis.

**Af því tilefni bjóðum við gestum og
gangandi uppá kaffi, konfekt og)**

frá kl. 14 - 18

**Í tilefni dagsins verður
10% afsláttur af öllum
vörum í verslun**



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Opið í sundlaugum Skeiða- og Gnúpverjahrepps veturinn 2012-2013

Neslaug

Skeiðalaug

priðjudaga: 18 – 22

Fimmtudaga: 18 – 22

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili
í sveitarfélaginu. Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.

Neslaug verður opin á

Aðfangadag kl. 10:00 – 14:00.

**Þá er frítt í sund og boðið upp á kaffi, djús
og piparkökur! Vonast til að sjá sem flesta.**

Svo koma jólin!

Neslaug lokuð á jóladag og nýjárðdag.

Skeiðalaug opin alla fimmtudaga kl. 18:00 – 22:00.

Vörur tengdar sundi til sölu!

Umsjónarmaður.



Helgihald um jól og áramót!

Jólin nálgast með hverjum deginum og ungir sem aldnir bíða spenntir
komu jólanna. Helgihald í prestakallinu um jólin verður sem hér
segir:

Aðfangadagur 24. desember

Kl. 23:30 Aftansöngur Hrepphólum

Jóladagur 25. desember

Kl. 11:00 Jólamessa í Hruna

Kl. 14:00 Jólamessa á Stóra-Núpi

Kl. 16:00 Jólamessa á Ólafsvöllum

Gamlársdagur 31. desember

Kl. 16 Guðspjónusta í Hrepphólum

Sunnudagur 6. janúar - þrettándinn

Kl. 14 Guðspjónusta Tungufell

Sóknarprestur.

